

2. gr.

Frá og með 1. janúar 2001 er felld úr gildi 4. gr. reglugerðarinnar. Frá sama tíma falla niður orðin: „dragnótaleyfi til kolaveiða, sbr. 4. gr.“ í 2. gr.

3. gr.

Í stað: „15. júlí“ í 1. mgr. 5. gr. komi: 15. ágúst.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 6. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 30. ágúst 2000.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Pórður Eyþórsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 578/2000 um álagningu spilliefnagjalds.

1. gr.

Við viðauka VIII bætist eftirfarandi:

Úr 89. kafla tollskrárinnar:

8901	Skemmtiferðaskip, bátar til skoðunarferða, ferjur, flutningaskip, vöruflutningaprammar og svipuð för til flutnings á mönnum eða vörum:	
	– Skemmtiferðaskip, bátar til skoðunarferða og svipuð för aðallega hönnuð til flutninga á mönnum; ferjur hvers konar:	
8901.1001	– – Ferjur, hvers konar	21,00 kr./kg rafgeyma
8901.1009	– – Önnur	21,00 kr./kg rafgeyma
8901.2000	– Tankskip	21,00 kr./kg rafgeyma
8901.3000	– Kæliskip, þó ekki skip í nr. 8901.2000	21,00 kr./kg rafgeyma
	– Önnur för til flutninga á vörum og önnur för til flutninga bæði á mönnum og vörum:	
8901.9001	– – Notuð	21,00 kr./kg rafgeyma
8901.9009	– – Annars	21,00 kr./kg rafgeyma
8902	Fiskiskip; verksmiðjuskip og önnur för til vinnslu eða geymslu á sjávarafurðum:	
	– Vélskip:	
	– – Meira en 250 rúmlestir:	
8902.0011	– – – Notuð	21,00 kr./kg rafgeyma
8902.0019	– – – Önnur	21,00 kr./kg rafgeyma
	– – Meira en 100 til og með 250 rúmlestir:	
8902.0021	– – – Notuð	21,00 kr./kg rafgeyma
8902.0029	– – – Önnur	21,00 kr./kg rafgeyma
	– – 10 til og með 100 rúmlestir:	
8902.0031	– – – Notuð	21,00 kr./kg rafgeyma
8902.0039	– – – Önnur	21,00 kr./kg rafgeyma
	– – Önnur:	
8902.0041	– – – Notuð	21,00 kr./kg rafgeyma
8902.0049	– – – Annars	21,00 kr./kg rafgeyma

	– Önnur:	
8902.0091	– – Notuð	21,00 kr./kg rafgeyma
8902.0099	– – Annars	21,00 kr./kg rafgeyma
Úr 8903	Snekkjur og önnur skemmtiför eða sportför; árabátar og kanóar:	
8903.1009	– – Annað	21,00 kr./kg rafgeyma
	– Annað:	
8903.9100	– – Seglbátar, einnig með hjálparvél	21,00 kr./kg rafgeyma
8903.9200	– – Vélbátar, þó ekki fyrir utanborðsvél	21,00 kr./kg rafgeyma
8903.9909	– – Aðrir	21,00 kr./kg rafgeyma
8904	8904.0000 Dráttarbatár og för til að ýta öðrum förum	21,00 kr./kg rafgeyma
Úr 8905	Vitaskip, slökkvaskip, dýpkunarskip, flotkranar, og önnur fljótandi för sem ætluð eru aðallega til annars konar notkunar en siglinga; flotkvíar; fljótandi eða sökkvanlegir bor- eða framleiðslupallar:	
8905.1000	– Dýpkunarskip	21,00 kr./kg rafgeyma
8905.2000	– Fljótandi eða sökkvanlegir bor- eða framleiðslupallar	21,00 kr./kg rafgeyma
	– Annað:	
8905.9009	– – Annars	21,00 kr./kg rafgeyma
8906	8906.0000 Önnur för, þar með talin herskip og björgunarbátar, þó ekki árabátar	21,00 kr./kg rafgeyma
8908	8908.0000 För og önnur fljótandi mannvirki til niðurrifs	21,00 kr./kg rafgeyma

2. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 3. mgr. 6. gr. laga nr. 56/1996 um spilliefnagjald og öðlast gildi 1. september 2000 og tekur til allra vara sem þá eru ótollafgreiddar.

Umhverfissráðuneytinu, 30. ágúst 2000.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigríðjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

um útflutningshlutfall kindakjöts.

Landbúnaðarráðherra hefur ákveðið að útflutningshlutfall kindakjöts af fé sem slátrað verður frá og með 1. september 2000 til og með 30. júní 2001 verði 20% af dilkum sem slátrað verður í september og október, 12% af slátrun 1.-18. nóvember en eftir það 0%. Útflutningshlutfall verði ákveðið 0% af kjöti af fullorðnu fé.

Auglýsing þessi er sett í samræmi við reglugerð nr. 524/1998 og með heimild í 4. mgr. 29. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 31. ágúst 2000.

Guðni Ágústsson.

Sigríður Norðmann.